

### **19. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 49, s. d. og laga nr. 4, 5. júní 1918.

(Lagt fyrir alþingi 1919.)

#### **1. gr.**

Lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, s. d.) svö og lög nr. 3, 5. júní 1918, um hækkun á vörutolli, skulu vera í gildi til ársloka 1921, með þeim viðauka, að fisk-umbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í ástæðum fyrir fjárlagafrv. stjórnarinnar er þess getið, að húist sje við því, að tekjulög þau, sem nú eru i gildi, verði látin gilda óbreytt næsta fjárhags-tímabil vegna þess, að hagur ríkissjóðs þoli ekki tekjumissi. Þar er þess einnig getið, að eigi þyki fært, eins og nú stendur, að taka til endurskoðunar skattalög-gjöfina í heild, þótt þess sje full þörf. Í samræmi við þetta er frv. það, sem hjer liggur fyrir, en með því að húist er við, að nýtt skattakerfi verði sett á Alþingi 1921, þykir eigi ástæða til að láta lög þessi gilda lengur en til ársloka það ár, því að þá ættu hin nýju skattalög að geta komið i gildi.